

Fundargerð 103. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: mánudagurinn 27.10.2025 klukkan 15:30 á Teams:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Kristinn Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Thelma Dögg Harðardóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Hermann Hermannsson mannauðsstjóri FSN, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Kristian Sveinbjörn áheyrnarfulltrúi nemenda, Hinrik Konráðsson áheyrnarfulltrúi foreldra og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Björg Ágústsdóttir setti 103. fund skólanefndar FSN.

Skólanefnd FSN minnst aðstoðarskólameistara FSN, Sólrúnar Guðjónsdóttur sem lést 2. júlí 2025. Sólrúnu var minnst og þakkað fyrir óeigingjörn störf sín. Sólrún hóf störf við FSN strax við stofnun hans haustið 2004, sem kennari og tók einnig að sér ýmis önnur verkefni tengd skólastarfinu. Síðar varð hún aðstoðarskólameistari. Sem kennari og síðar aðstoðarskólameistari tók Sólrún virkan þátt í starfi skólanefndar FSN, stóran hluta starfstíma síns og FSN. Á útfarardeginum færði skólanefnd henni hjartans þakkir, fyrir dýrmætt framlag til þróunar og skólastarfs frá upphafi starfs Fjölbrautaskóla Snæfellinga, auk þess fyrir samstarfið á vettvangi skólanefndar. Þar lagði hún af mörkum glöggar upplýsingar, dýrmæta reynslu og vel ígrundaðar skoðanir sínar, skólanum til framdráttar og heilla. Sólrún hafði einstaklega hlýja og góða nærveru. Hún nálgast viðfangsefni sín af jákvæðni og metnaði og með hómor. Hún var afar dýrmætur einstaklingur í samfélaginu okkar.


Dagskrá:

1. Kjör formanns.

Björg Ágústsdóttir endurkjörin sem formaður skólanefndar FSN.

2. Fundir skólanefndar FSN dagsettir.

Fundir ákveðnir á mánudögum klukkan 15:30. Næstu fundir verða mánudaginn 1. desember 2025, mánudaginn 23. febrúar 2026 og mánudaginn 13. apríl 2025 klukkan 15:30.



3. Innritun, upphaf annar, námsframboð.

Innritun haust 2025


Skipting nemenda á námsbrautir eftir kynjum – Haust 2025				
	KK	KVK	X	Samtals
Félags- og hugvísindabraut	9	24		33
Framhaldsskóla- braut 1				0
Framhaldsskóla- braut 2	9	9		18
Íþróttabraut	8	6		14
Náttúru- og raunvísindabraut	12	9		21
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	4	1	1	6
Opin braut	65	67		132
Starfsbraut	3			3
Viðbótarnám	2	4		6
Samtals	112	120	1	233

Á haustönn 2025 voru 233 nemendur innritaðir við FSN. Til samanburðar þá var heildarfjöldi nemenda 181 á haustönn 2024.

Haustönn 2025 hófst 14. ágúst á starfsmannafundi. Nýnemadagur var haldinn 15. ágúst og kennsla hófst 18. ágúst og var haldinn foreldrafundur sama dag. Það eru kenndir 86 áfangar á haustönn og þar af eru kenndir 14 áfangar á starfsbraut. Meðalfjöldi nemenda í áfanga eru 16 talsins.

4. Starfsmannamál.

Skólanefnd minnst Sólrúnar Guðjónsdóttur sem lést í júlí með hlýhug. Ekki hefur verið ráðið í hennar stöðu að svo stöddu vegna óvissu um fjármagn. Náms- og starfsráðgjafi FSN hefur verið ráðinn í 100% stöðu og sinnir nú áfangastjórn líka. Deildarstjóri framhaldsdeildar FSN sagði starfi sínu lausu í vor vegna flutninga. FSN réð nýjan deildarstjóra við framhaldsdeild FSN á Patreksfirði sem starfaði í nokkra daga en hætti svo. Það var auglýst aftur en ekki hefur verið sótt um. Starfsmenn í FSN eru 24 á haustönn 2025 í mismiklu starfshlutfalli. Kennarar eru 17 talsins.



5. Niðurstaða náms á vorönn.

Á vorönn 2025 var nemendafjöldi í ársnemendaígildum 122 talsins.

6. Bréf frá ráðuneyti varðandi umbætur á framhaldsskólakerfinu.

Kæri viðtakandi,

Eins og kunnugt er hefur mennta- og barnamálaráðherra kynnt hugmyndir um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag á framhaldsskólastigi. Markmið breytinganna eru fjölbætt og snúa m.a. að námi og þjónustu við nemendur, starfsfólk og stjórnendur skóla.

Landsmönnum fjölga og nú um stundir innritast nær öll börn í framhaldsskóla að loknu námi í grunnskóla eða um 98-99% en til samanburðar var það hlutfall 93% árið 2002. Samhliða hefur hlutfall nemenda í viðkvæmri stöðu hækkað og hefur það kallað á meiri og fjölbreyttari þjónustu innan skólanna sem og aukna þjónustupörf við skólana sjálfa.

Eftir greiningu á mögulegum aðgerðum í opinberum framhaldsskólum hefur verið ákveðið að styrkja stjórnsýslu framhaldsskóla og færa hluta hennar yfir á svæðisskrifstofur.

Framhaldsskólar munu halda sínum sérkennum, nafni og faglegri stjórnun.

Svæðisskrifstofur hafa það hlutverk að styðja rekstur skóla og veita þeim stuðning og þjónustu.

Á svæðisskrifstofum mun faglegur stuðningur við skólana aukast.


Markmið breytinganna eru skýr en útfærslan er í mótun. Ráðherra leggur mikla áherslu á virkt samráð við hagaðila. Samráðið er hafið og er gert ráð fyrir að standi yfir næstu mánuði.

Með bréfi þessu er óskað eftir samtali við ykkur. Samtalið getur farið fram á staðfundi eða fjarfundi, allt eftir því hvað hentar best.

Ráðuneytið mun í kjölfar þessa bréfs leggja til fundartíma.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á framhaldsskolar.is. Þar má líka koma á framfæri spurningum og ábendingum.

Kv. Íva



Mennta- og barnamálaráðherra Guðmundur Ingi Kristinsson mun koma í FSN 6. nóvember 2025. Fulltrúar í skólanefnd FSN eru hvattir til þess að koma og hitta ráðherra klukkan 11:00. Bæjarstjórar munu sérstaklega fá boð.

7. Önnur mál

- Fundargerð nr. 102 samþykkt án athugasemda.
- Fundargerð nr. 101 samþykkt með athugasemd sem verður löguð.
- Kristian Sveinbjörn forseti nemendafélagsins sérstaklega boðinn velkominn á sinn fyrsta fund. Kristian sagði frá því að það væri búið að halda nýnemaball og nýnemaviku sem tókust vel. Það var einnig haldið West side ball á Akranesi en West side er samstarf framhaldsskólanna á Vesturlandi, FSN, FVA og MB. Næstu viðburðir eru bíó kvöld í FSN og svo vökunótt. Árshátíð NFSN verður haldin eftir áramót.
- Það verður brautskráning í desember 2025 en það verður ekki útskriftarhátíð. Það eru fimm nemendur sem stefna að brautskráningu í desember, einn staðnemi og fjórir fjarnemar. Nemendur sem brautskrást í desember er boðið til útskriftar í maí 2026. Nemendum sem brautskrást í desember hefur fækkað töluvert.
- Starfamessur tókust mjög vel. Starfamessan í FSN, þann 30. september 2025 tókst mjög vel og er mikil ánægja með starfamessurnar.

Fundi slitið klukkan 16:33.

Næsti fundur verður mánudaginn 1. desember 2025 klukkan 15:30.